

Samantekt um hraðamælingar á Barónsstíg

Gerðar voru hraðamælingar á Barónsstíg á tímabilinu 9. október til 15. október. Helstu niðurstöður þeirrar mælingar eru þær að hæsti mældi hraði var 80 km/klst og lægsti 6 km/klst. Meðalhraði var 38 km/klst. 85% hraði, þ.e. sá hraði sem 85% ökutækja keyrði á eða undir var 45 km/klst og brotahlutfallið var 75,2%. Vinsamlegast takið eftir að varasamt getur verið að draga ályktanir af hæstu hraðamælingum þegar mælt er með radar, líkt og var gert í þessari mælingu, þeir eiga það til að mæla of háan hraða í einstaka tilfellum. Til að átta sig á ástandinu er því betra að horfa á 85% hraða.

Mældur 85% hraði er hærri en æskilegt er á svona stað. Aftur á móti þá nota börn á leið til og frá skóla að mestu þær upphækkuðu þveranir sem eru til staðar en gera má ráð fyrir því að þar sé raunhraðinn lægri en í mælingunum. Í dag eru aðstæður þannig að um 100m eru á milli hraðahindrana og þarf því töluverðan brotavilja til að keyra langt yfir hámarkshraða og takmarkanir eru fyrir því hversu þétt er hægt að hafa hraðatakmarkandi aðgerðir. Skv. hönnunarviðmiðum, m.a. hönnunarleiðbeiningum frá Ósló ættu að vera um 75m milli hraðaminnkandi aðgerða í götu sem hefur hámarkshraða 30 km/klst. Því er ekki óeðlilegt að um 100m séu á milli slíkra aðgerða á ákveðnum stöðum.

Með tilliti til aðstæðna á þessu svæði er það mat skrifstofu samgangna og borgarhönnunar að leggja frekar áherslu á að tryggja öryggi á gönguþverunum sem til eru fremur en að fjölga hraðahindrunum á milli þeirra. Þegar kemur að umferðaröryggisbætandi aðgerðum bæði í nágrenni við skóla og annars staðar þá þarf að forgangsraða verkefnum eftir fjármagni og með tilliti til þess hvar alvarlegustu vandamálin eru og hvar mestur árangur næst með tilætluðum aðgerðum.

Umhverfis- og
skipulagssvið
Borgartún 12-14
105 Reykjavík

Þjónustuver
Borgartún 12-14
105 Reykjavík

411 1111